

Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðar bs.

Afhending 2021/72

Árið 1945 voru sett lög um byggingasamþykktir fyrir sveitir og þéttbýli sem ekki væru löggiltir verslunarstaðir. Samkvæmt lögnum áttu sýslufélög að koma sér saman um byggingarfulltrúa, sem þjóna myndi ákveðnu landssvæði. Það dróst að koma á slíku embætti í Eyjafirði þar sem byggingarfulltrúi var óbeint þegar fyrir hendi. Hann var starfsmaður og launaður af KEA og hjá honum fengu bændur bæði ráðgjöf við húsbyggingar og teikningar. Svo kom að því að KEA taldi sig ekki lengur geta staðið eitt að þessari þjónustu.

Byggingarsamþykkt fyrir Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslur var staðfest árið 1950. Í hverjum hreppi var komið á fót byggingarnefnd og fyrsti byggingarfulltrúinn tók til starfa í ársbyrjun 1951. Það voru sýslusjóðir sýslanna og fleiri sem stóðu straum af kostnaði við reksturinn.

Frá því embættið varð til og næstu áratugi var oft verið að huga að breytingum á stærð umdæmisins og kostnaðinum. Árið 1974 var aðstoðarmaður byggingarfulltrúa ráðinn til þess að sjá um byggingarmál í Þingeyjarsýslum fyrir utan Grýtubakkahrepp, Svalbarðsstrandahrepp og Hálshrepp. Dalvík var með í samstarfi um byggingarmál og fulltrúa til og með 1975 og Svarfaðardalshreppur hvarf úr samstarfinu í árslok 1984.

Árið 1981 tók gildi nýtt fyrirkomulag um stjórn byggingarmála í Eyjafjarðarsýslu og skil urðu milli sýslanna um verkefnið að undanskildum Grýtubakka-, Svalbarðsstrandar- og Hálshreppum. Með nýja fyrirkomulaginu var komið á fót byggingarnefnd austursvæðis annars vegar og vestursvæðis hins vegar. Skilin milli svæða voru um Akureyri. Þegar sýslunefnd var lögð niður tók héraðsnefnd við rekstrinum.

Árið 2013 voru áður nefndar byggingarnefndir sameinaðar þegar byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis varð til. Að þeirri nefnd standa sveitarfélögin Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandahreppur og Hörgársveit en þessi sömu sveitarfélög standa saman að skipulags- og byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðar. Embættið var stofnað 2015 en fyrsti skipulags- og byggingarfulltrúinn hóf störf árið 2017.

Afhendingin kom fullskráð og frágengin en hún tekur til teikninga í Eyjafjarðarsveit. Aðrar afhendingar frá embættinu eða forverum þess eru 698, 769, 2003/19, 2017/94, 2020/56 og 2020/65.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
26. apríl 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður